

Fréttabréf Síðuskóla

4. bréf - febrúar- skólaárið 2019-2020

Kæru foreldrar og nemendur!

Nú hækkar sólin stöðugt á lofti og hefur fyrsti mánuður ársins kvatt okkur. Febrúar er genginn í garð með sínum verkefnum og áskorunum. Þann 10. febrúar munum við hefja 100 miða leikinn en það er árlegur viðburður í skólastarfinu. Leikurinn stendur yfir í tvær vikur og er markmiðið með honum að hvetja nemendur til að fara eftir SMT skólareglunum. Starfsmenn gefa 10 nemendum á dag sérstaka hrósmiða sem eru settir á spjald með reitum merktum frá 1 til 100. Búið er að velja vinningsröð á spjaldinu og kemur svo í ljós í lok leiks hvaða nemendur eru í vinningsröðinni. Það gerum við á sal þegar leiknum er lokið. Nú er búið að úthluta okkur útivistardegi í Hlíðarfjalli en hann verður þann 13. mars. Við vonum svo sannarlega að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir, við höfum undanfarin ár verið heppin með veður í fjallinu. Í lok þessa mánaðar er svo vetrarleyfi, dagana 27. og 28. febrúar. Nú er búið að ráða nýjan húsvörð í afleysingar. Sindri Snær sem var að leysa af er farinn í fæðingarorlof og Jón Eiður er tekinn við. Við minnum svo á að klæða sig vel eftir veðri ekki síst þeir sem fara út í frímínútur. Það er kalt þessa dagana en vissulega í leiðinni afskaplega fallegt vetrarveður.

Bestu kveðjur úr skólanum,
Ólöf Inga



Grænfáni - lýðheilsa

Í vetur er lögð áhersla á lýðheilsu í grænfánaverkefninu okkar. Liður í því var þátttaka í Göngum í skólann og göngudagur skólans að Hraunsvatni. Nemendur eru hvattir til drekka sem mest af hreinu vatni og hafa hollt nesti meðferðis. Einnig var byrjað að bjóða upp á ávaxtaáskrift frá áramótum. Í janúar var sérstök áhersla á fræðslu um mikilvægi svefns og góðar svefnvenjur. Á döfinni er fræðsla um rétta líkamsbeitingu þar sem við fáum sjúkráþjálfara í heimsókn til okkar.

[Hér](#) má finna viðtal við Erlu Björnsdóttur sálfræðing og sérfræðing í svefni sem birtist í Kastljósi í desember sl.

Vatnsvélar





Foreldra- og kennarafélag Síðuskóla gaf skólanum tvær vatnsvélar sem nú er búið að tengja. Vatnsvélararnar eru bæði með drykkjarstút og rana til að fylla á brúsa. Við hvetjum nemendur til að

koma með vatnsbrúsa í skólann.
Bestu þakkir til ykkar fyrir þessa gjöf!



Forritun í Síðuskóla

Síðuskóli á forritanleg vélmenni sem notuð eru til að kenna forritun. Í hringekju í 3. og 4. bekk er unnið með vélmennin Sphero, Dot og Dash. Nemendur eru mjög áhugasamir enda fær sköpunargleðin að njóta sín. Möguleikarnir eru óþrjótandi en nemendur eru meðal annars að forrita vélmennin til að fara eftir brautum, tala saman og dansa.



Hafragrautur í boði alla morgna

Við minnum á að öllum nemendum stendur til boða að koma og fá sér hafragraut í skólanum áður en kennsla hefst kl. 7:45-8:00. Einnig geta nemendur í 7.-10. bekk fengið sér graut í frímínútum. Grauturinn er í boði skólans.

Hrósmiðahátíð

Þann 24. janúar var haldin hrósmiðahátíð en hún er haldin þegar allir nemendur skólans hafa safnað þessum fjölda hrósmiða. Hugmyndin með hátíðinni er að vera með uppákomu sem allir nemendur skólans njóta góðs af. Undanfarin ár höfum við gert ýmislegt eins og fá töframenn og tónlistarmenn í heimsókn, borðað saman pizzu og dansað zumba svo eitthvað sé nefnt. Í þetta skiptið fengum við

góða heimsókn þegar Húlladúllan kom í heimsókn til okkar og sýndir listir sínar með húllahringi. Einnig fengu nemendur að prófa að æfa jafnvægislistir með páfuglafjöðrum.



Á döfinni

3. febrúar

- Vape fræðsla, 7. bekkur

6. febrúar

- Endurlífgun - fræðsla í 10. bekk

7. febrúar

- Starfamessa
- Dagur stærðfræðinnar

10.-21. febrúar

- 100 miða leikurinn

13. febrúar

- Þorgrímur Þráinsson heimsækir 10. bekk
- Skólaráðsfundur kl. 15
- Opið hús vegna skólavals kl. 9-11

20. febrúar

- Vímuefnafræðsla, 8. bekkur
- 9. bekkur - heimsókn í VMA

26. febrúar

- Skipulagsdagur - öskudagur

27. febrúar

- Vetrarleyfi

28. febrúar

- Vetrarleyfi



Morgunkaffi með stjórnendum


Stjórnendur skólans hafa síðustu vikur boðið foreldrum nemenda í 1.-5. bekk í morgunkaffi. Þar hefur gefist tími til að spjalla um ýmislegt og koma með fyrirspurnir.

Í febrúar er komið að foreldrum nemenda í 6.-10. bekk, allir fundirnir hefjast kl. 8.05.

- 6. bekkur - fimmtudaginn 6. febrúar
- 7. bekkur - föstudaginn 7. febrúar
- 8. bekkur - fimmtudaginn 13. febrúar
- 9. bekkur - föstudaginn 14. febrúar
- 10. bekkur - fimmtudaginn 20. febrúar

Útivistardagur í Hlíðarfjalli

Útivistardagur Síðuskóla verður þann 13. mars. Þá verður farið í Hlíðarfjall með nemendur skólans. Við vonum svo sannarlega að veðurguðirnir verði okkur hliðhollir þennan dag. Nánari upplýsingar koma þegar nær dregur.



 Matseðill Síðuskóla Febrúar 2020 				
Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
3. Ofnbakaður fiskur, kryddkartöflur, sósa, ávextir	4. Soðið slátur, kartöflur, jafningur, ávextir	5. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	6. Grænmetisbuff, hrísgrjón, sósa, salatbar	7. Mjólkurgrautur, slátur
10. Kjötbúðingur, kartöflur, bakaðar baunir, grænmeti	11. Silungur, kryddkartöflur, sósa, ávextir	12. Kjötbollur, kartöflur, brún sósa, salatbar	13. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	14. Tröllasúpa, súpubrauð
17. Spaghettífiskur, grænmeti, ávextir	18. Kjötsúpa	19. Grænmetisréttur í sósu, hrísgrjón, salatbar	20. Soðin ýsa, kartöflur, rúgbrauð, ávextir	21. Kjúklingapottur, hrísgrjón, grænmeti
24. Fiskibollur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir	25. Saltkjöt og baunir	26. Skipulagsdagur	27. Vetrarfrí	28. Vetrarfrí

Einkunnarorð í febrúar

Ábyrgð

Regla mánaðarins er:

„Við flokkum rétt“.

